



YFIRLÝSING

VEGNA FYRIRHUGAÐRAR ÚTGÁFU Á VERKINU SAGAN AF DIMMALIMM

í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar á Vísi.is¹

Reykjavík, 2. október 2023

Myndstef - Myndhöfundasjóður Íslands, vill koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum um höfundarétt, vegna fyrirhugaðrar nýrrar útgáfu á verkinu "Sagan af Dimmalimm". Myndstef stendur vörð um hagsmuni myndhöfunda og annarra sjónhöfunda. Verkið hefur á liðnum árum verið gefið út af Forlaginu, og er til dreifingar þar.

Að mati Myndstefs er um að ræða eitt ástsælasta verks þjóðarinnar og ómetanlegan hluta af menningararfi Íslands. Höfundur verksins er Muggur (Guðmundur Pétursson Þorsteinsson), en hann lést árið 1924, aðeins 33 ára að aldri. Eins og segir á vef Listasafn Íslands: "Listferill hans að námi loknu spannaði einungis tæp tíu ár, en hann lést úr berklum 1924. Á stuttum ferli náði hann að skapa einstakan og persónulegan myndheim. Still hans var náttúralískur og frásögn oftast en ekki í fyrirrúmi, verk hans einkennast af fjölbreytileika og leit að listrænu frelsi."² Höfundaréttur helst í 70 ár eftir lát höfundar. Verkið er því að formi til úr höfundavernd skv. höfundalögum nr. 73/1972. Í höfundarétti felst einkaréttur höfundar til að gera eftirgerðir af verkum sínum, deila verkum sínum og ráðstafa verkum að vild. Aftur á móti gilda sérstök sjónarmið um sæmdarrétt höfunda sem falla ekki úr gildi, en þrátt fyrir að verk renni úr höfundavernd, er eftir sem áður óheimilt að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundaheildur eða höfundasérkenni, sbr. 2. mgr. 4. gr. höfundalaga.

Nú stendur til að gefa verkið út í nýrri og breyttri mynd af útgáfufélaginu Óðinsauga, þar sem nafn verksins er óbreytt og nafn Muggs jafnframt notað við útgáfuna.

Vilja því ofangreind samtök höfunda benda á að slík útgáfa gæti bæði talist ganga nærri sæmdarrétti höfundar og réttmætum viðskiptaháttum, og einnig kvikna sjónarmið um fölsun, og þarf því að mati samtakanna að stíga varlega til jarðar við breyttar framtíðarútgáfur verksins:

- Sagan um Dimmalimm er fyrsta eiginlega íslenska myndasagan (e. Picture story). Um er að ræða tegund verks þar sem saga er sögð með röð mynda og textinn styður frásögnina, en ekki öfugt, og er því heildræn og listræn framsetning verksins hvar textanum er fundinn staður í frásögninni. Í fyrirhugaðri útgáfu er búið að snúa framsetningunni við þannig að um sé að ræða myndskreytt bókmenntaverk en ekki öfugt. Þetta er grundvallarbreyting á heildarverkinu.
- Að sama skapi þarf að fara varlega með miðil frummyndanna, en í upphaflega verkinu eru þær vatnslitaðar og með ákveðnu sérkenni höfundar. Ef myndirnar eru afbakaðar þannig að breyting er á listrænni framsetningu heildarverksins, gæti slík framsetning og breyting talist ganga nærri sæmdarrétti höfundar.

Ef endurútgáfa á Sögunni af Dimmalimm er fyrirhuguð, telur Myndstef brýnt að útgefandi setji sig í samband við Myndstef og þiggi ráðgjöf um fyrirhugaða útgáfu, framsetningu og kynningu á útgáfunni, til að freista þess að ný útgáfa verði talin sjálfstætt verk og gangi ekki nærri frumverkinu. Hjá Myndstef starfar sérfræðingur í höfundarétti sem getur veitt slíka ráðgjöf.

f.h. Myndstefs
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögræðingur

Fylgiskjal 1: Myndir úr fyrirhugaðri útgáfu

¹ Visir.is, 30.9.2023: <https://www.visir.is/g/20232469241d/adstandendur-muggs-andvigir-nyrri-og-breyttri-utgafu-af-dimmalimm>

² Vefsvæði Listasafns Íslands (2023): *Muggur*. <https://www.listasafn.is/list/syningar/muggur/>

Fylgiskjal 1:

